



STARFSMANNAFÉLAG
VESTMANNAEYJABÆJAR

Vestmannaeyjum 15. apríl 1996.

Nefndadeild Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. Þ 120/1497
komudagur 17.4 1996

Starfsmannafélagi Vestmannaeyjabæjar hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna.

Starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar krefst þess að frumvarpið verði dregið til baka og vísar til ályktunar aðalfundar félagsins, fundar opinberra starfsmanna í Vestmannaeyjum, viðræðum við þingmenn sunnlendinga og ályktana B.S.R.B. sem hafa verið sendar þingmönnum.

Það er með öllu óásættanlegt að ríkisvaldið skuli ráðast að starfsmönnum sínum með þeirri fyrirætlan að skerða réttindi og skyldur starfsmanna sinna á miðju samningstímabili og vill Starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar ítreka mótmæli við þau vinnubrögð sem ríkisstjórn Íslands viðhefur um þessar mundir gegn launafólki í landinu.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar STAVEY

Borgherður Jóhannsdóttir
Borgherður Jóhannsdóttir formaður.

Afrit sent: Árna Johnsen,
Guðna Ágústssyni,
Ingibjörgu Sigmundsdóttur,
Ísólfi Gylfa Pálmasyni,
Margréti Frimannsdóttur,
Lúðvík Bergvinssyni,
Þorsteini Pálssyni.